

## REGLUGERÐ

um verðlagningu félagslegra íbúða, sem byggðar voru  
fyrir 1. júlí 1980.

### 1. gr.

Pegar stjórn verkamannabústaða hefur samþykkt að neyta forkaupsréttar að íbúð samkv. 62. gr. l. 60/1984 skal hún sjá um að útreikningur á greiðslu til seljanda verði gerður samkv. 63. gr. sömu laga og reglugerð þessari.

### 2. gr.

Upphaf eignarhaldstíma seljanda miðast við afhendingu íbúðar til hans, dagsetningu afsals eða kaupsamnings, eftir því hvað eðlilegast verður talið í hverju tilviki.

Vextir, 1% einfaldir ársvextir, reiknast af stofnframlagi seljanda fyrir hvert heilt eignarhaldsár.

Hlutföll upphaflegra lána, þ. e.  $\frac{1}{26}$ ,  $\frac{1}{33}$  og  $\frac{1}{42}$ , reiknast fyrir jafnmörg ár og seljandi hefur átt íbúðina ásamt 1% einföldum ársvöxtum frá hverju greiðsluári. Hluta úr ári skal sleppt. Lánshlutföll reiknast þó eigi fyrir þau ár eignarhaldstímans, sem eru umfram lánstímann.

Verðbætur á stofnframlag seljanda ásamt vöxtum reiknast frá upphafi eignarhalds til söludags. Skulu þær miðast við byggingarvísitölu þar til birting lánskjaravísitölu hófst hinn 1. júní 1979. Eftir þann tíma skal reikna verðbætur eftir lánskjaravísitölu.

Verðbætur á hlutföll upphaflegra lána ásamt vöxtum reiknast frá þeirri vísitölu sem var í gildi, þegar eitt ár, tvö ár, þrjú ár o. s. frv. voru liðin af eignarhaldstímanum.

Fyrning,  $\frac{1}{2}$ % fyrir hvert heilt ár eignarhalds, reiknast af upphaflegu kaupverði íbúðar eins og það er framreiknað með verðbótum frá upphafi eignarhalds til söludags.

### 3. gr.

Þrátt fyrir framangreindar reglur 2. gr. skal seljandi íbúðar ekki fá lægri greiðslu en hann hefði fengið samkvæmt áðurgildandi reglum um 4% aukaverðbætur fyrir hvert ár eignarhaldstíma, ásamt reglum um 0,5%—1% árlega fyrningu. Þessar aukaverðbætur reiknast þó ekki á eignarhaldstíma eftir 1. júlí 1984.

Stjórn verkamannabústaða tekur að sér að greiða áhvílandi eftirstöðvar upphaflegra stofnlána miðað við að lánin séu í skilum. Áfallna vexti frá síðasta gjalddaga til söludags greiðir seljandi. Önnur lán eða veðbönd, sem hvíla á íbúðinni, skal seljandi leysa af við sölu.

Framangreindar verðlagningarreglur gilda einnig þegar íbúð, sem verðleggja ber eftir 1. málsgrein. 63. greinar l. nr. 60/1984, er seld á nauðungaruppboði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum um Húsnæðisstofnun ríkisins, nr. 60/1984 til að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 14. desember 1984.*

**Alexander Stefánsson.**

*Hallgrímur Dalberg.*

## AUGLÝSING

**um breytingu á samþykkt um stjórn bæjarmála  
Vestmannaeyjabæjar nr. 536 31. ágúst 1982.**

1. gr.

9. töluliður í staflið B í 36. gr. fellur niður.

2. gr.

2. málslíður 2. mgr. 47. greinar orðist svo:  
Auk þess fer ráðið með barnaverndunarmál.

Breyting þessi sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Vestmannaeyja staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. mars 1961 til þess að öðlast gildi að loknum næstu bæjarstjórnarkosningum.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. desember 1984.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Hólmfríður Snæbjörnsdóttir.*